

Nefndasvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir  
Nefndarritari Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. **P** 135/1333  
Kvölddagur 5.2.2008  
LÝÐHEILSUSTÖÐ

Reykjavík, 18.12.2007  
Tilv. 072/2007 - 1.05.02  
RMJ

## Efni: Umsögn um heildarlög um grunnskóla, mál 285.

Lýðheilsustöð fagnar því að fá þetta tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Lýðheilsustöð tekur undir þær jákvæðu breytingar sem finnast í frumvarpinu. Hér eru þær tillögur sem okkur þykir bæta frumvarpið enn frekar og einnig bendum við á mikilvægi þess að tryggja samvinnu milli menntamálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og þeirra sem fara með málefni sveitarfélaga á öllum skólastigum.

Lagt er til að skilgreint verði hlutverk þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd forvarnar-, heilsuefningu og eineltisáætlunar og er jafnframt tengiliðir við hagsmunaaðila s.s. aðrar stofnanir og foreldra um samstarf vegna forvarnarverkefna. Á öllum skólastigum skal meðferð tóbaks, áfengis og annarra vímuefna vera bannað í skólanum og á skólalóð.

### 2. gr. Markmið.

**Stendur nú:** Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn.

Við greinina bætist málsgrein: Grunnskólinn skal stuðla að aukinni heilbrigðisvitund, fæmi og ábyrgð á eigin heilbrigði.

**Við 2.m.gr. 13.gr. bætist:** Umsjónarkennari vísi málinu áfram eða komi því í farveg ef þurfa þykir. (Ekki hægt að gera kröfu um að kennari geti leiðbeint við öll mál.)

**Við 18.gr.** er mikilvægt að hafa í huga persónuvernd, rétt foreldra til að ákveða hvaða upplýsingar eru veittar skólanum með tilliti til velferðar barnsins.

**Við 20.gr.** bætist málsgrein: Skólar skulu tryggja að nemendur hafi tækifæri til að hreyfa sig í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um hreyfingu og taki mið af handbók Lýðheilsustöðvar um hreyfingu í skólastarfi. Skólahúsnæði og lóð við grunnskóla séu þannig úr garði gerð að það hvetji til fjölbreyttrar hreyfingar, innan- sem utandyra.

**23. gr.** Skólamálsverðir.

**Stendur nú:** Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið.

**Verði:** Grunnskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers skóla heilnæmt fæði í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs um mataræði og næringarefni. Skólum og mötuneytum á vegum þeirra ber að fara eftir handbók fyrir skólamötuneyti sem Lýðheilsustöð hefur gefið út.

**Við 30.gr.** bætist við: Skólareglur skuli vera birtar/sýnilegar, t.d. á heimasíðu skólans. Meðferð tóbaks, áfengis og annarra vímuefna verði bannað í skólanum og á skólalóð.

**Við 33.gr.** bætist við: Sveitarfélögum er skylt að vinna að samfelldum skóladegi fyrir börn í grunnskóla sem innihalda tómstundir.

**Við 40.gr.** Mikilvægt að þessu sé vel fylgt eftir og að börn hljóti samræmda þjónustu. Einnig þarf að kveða skýrar á um þagnarskyldu starfsfólks í grunnskóla. Virða þarf rétt foreldra og barna um einkalíf.

**Við 41.gr.** Auka skal vægi skólaheilsugæslu í grunnskóla. Starfsmaður skal hafa skilgreint aðgengi að nemendum með heilbrigðisfræðslu og gætt sé samræmis við lög um skólaheilsugæslu.



Þórólfur Þórlindsson  
Forstjóri Lýðheilsustöðvar